

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 23.10.2019  
Tilv. 2019/0752 - 0.3.01  
ÞÁÁ

### **Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja, 14. mál**

Vísað er til tölvupósts, dags. 27. september 2019, þar sem stofnuninni var sent til umsagnar frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja, 14. mál. Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um frumvarpið og fyrir framlengdan svarfrest.

Neytendastofa hefur um nokkurt skeið bent á þörf fyrir leyfis- eða skráningarskyldu aðila sem veita neytendalán en eru ekki þá þegar tilkynningar- eða leyfisskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu. Þess vegna fagnar Neytendastofa því að lögð sé til leyfisskylda og/eða tilkynningar- eða skráningarskylda samkvæmt frumvarpi þessu. Stofnunin telur þó að vænlegra sé til árangurs að gera kröfu um tilkynningar- eða skráningarskyldu samkvæmt lögum um neytendalán nr. 33/2013 en ekki í sérlægum þar sem lánveitendur geta á einfaldan hátt upplýst eftirlitsstjórnvöld um þá starfsemi sína. Í tilvikum þar sem fyrirtækin brjóta ítrekað gegn lögum í starfsemi sinni gefur slík skráning þá möguleika á að afnema skráningu og banna starfsemina. Slík skráning þarf ekki að vera kostnaðarsöm eða íþyngjandi fyrir lánveitendur. Byggir sú afstaða stofnunarinnar annars vegar á því að með frumvarpinu myndast ójafnvægi á lánamarkaði á Íslandi þar sem fyrirtæki sem veita neytendalán skv. lögum nr. 33/2013, um neytendalán, sem eru hærri en milljón verða ekki skráningarskyld. Hins vegar byggist afstaða stofnunarinnar á því að þau fyrirtæki sem veitt hafa svokölluð smálán og Neytendastofa hefur hingað til haft afskipti af vegna brota gegn hámarki árlegrar hlutfallstölu kostnaðar hafa oft og tíðum sýnt mikinn hugmyndaauðgi í aðgerðum sínum til sniðgöngu á hámarki árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og því telur stofnunin hætt við að fyrirtækin muni reyna ýmsar leiðir til sniðgöngu sérлага um smálánafyrirtæki. Óhjákvæmilega hefði frumvarpið þar með áhrif á fleiri lánveitendur sem starfa löglega á markaði en líkt og kemur fram í skýrslu starfshóps yrði það ekki talið of íþyngjandi.

Af sömu ástæðum og að ofan eru rakin telur Neytendastofa ákvæði um 4. og 5. mgr. 15. gr. frumvarpsins varasamt að því leyti að töluverðar líkur eru á að fyrirtæki reyni eftir öllum mætti að komast framhjá ákvæðinu, með tilheyrandi álagi á eftirlitsstofnun. Í þessu samhengi vill Neytendastofa vekja athygli á að það smálánafyrirtæki sem býður þjónustu hér á landi undir nöfnum 1909, Hraðpeningar, Kredia, Múla og Smálán hefur sniðgengið sambærilegt ákvæði danskra laga.


Neytendastofa telur 1. og 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins til hagsbóta fyrir neytendur og að mörgu leyti gott að skýra nánar í hverju mat á greiðslugetu felst. Stofnunin vill þó benda á að

fyrirtækjum ber skv. lögum nr. 33/2013 að meta lánshæfi neytanda áður en lán er veitt. Af frumvarpinu verður ekki annað ráðið en það ákvæði mun enn eiga við sem veldur skörun í eftirliti þar sem eftirlit með frumvarpinu yrði í höndum Fjármálaeftirlitsins en eftirlit með ákvæðum laga nr. 33/2013 er í höndum Neytendastofu.

Að lokum vill Neytendastofa benda á að í frumvarpinu er notast við hugtakið viðskiptamaður. Stofnunin telur betur fara á ef notast er við hugtakið neytandi líkt og gert er í lögum nr. 33/2013.

Sé óskað frekari upplýsinga eða skýringa við einstaka athugasemdir verða þær fúslega veittar eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson  
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri